



Fjárlaganefnd Alþingis  
v/Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. júní 2010  
Tilvísun: HI10050156/0.3

**Efni: Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, með síðari breytingum, 552. mál.**

Fjárlaganefnd Alþingis sendi Háskóla Íslands þann 27. maí 2010 framangreint frumvarp til umsagnar.

Í frumvarpinu er lagt til að við 49. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

*Ráðherra ber fjárhagslega ábyrgð á ráðuneyti sínu og með þá ábyrgð skal fara samkvæmt lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð.*

*Fari stofnun eða fjárlagaliður fram úr fjárheimildum ber ráðherra að veita forstöðumanni eða ábyrgðaraðila fjárlagaliðar skriflega áminningu skv. 21. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.*

Varðandi fyrri málsgreinina sem lýtur að ábyrgð ráðherra verður að mati Háskóla Íslands ekki betur séð en að í lögum nr. 4/1963 um ráðherraábyrgð séu nægar heimildir til þess að bregðast við ef ráðherra fer ekki að lögum og þá einnig fjárlögum. Um seinni málsgreinina um fjárhagslega ábyrgð forstöðumanna ríkisstofnana og ábyrgðaraðila fjárlagaliða bendir háskólinn á að í lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eru nú þegar ákvæði um skriflegar áminningar.


Í 21. gr. laga nr. 70/1996 segir: „Ef starfsmaður hefur sýnt í starfi sínu óstundvísni eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu skal forstöðumaður stofnunar veita honum skriflega áminningu. Áður skal þó gefa starfsmanni kost á að tala máli sínu ef það er unnt.“

Í IV. kafla reglugerðar nr. 10612/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta eru einnig skýr ákvæði um skyldur forstöðumanna og fjárhagslega ábyrgð þeirra.



Heimildir og skyldur til þess að veita áminninga fyrir brot eða vanrækslu í starfi eru þegar fyrir hendi í lögum. Þær hafa hins vegar ekki mikið verið nýttar. Jafnframt hefur málsmeðferð við beitingu áminninga stundum verið ábótavant sbr. t.d. nýlegan dóm Héraðsdóms Vestfjarða í máli nr. E-118/2009 og ýmis álit Umboðsmanns Alþingis þar að lútandi. Ef tilgangurinn með lagafrumvarpinu er að bæta framkvæmd fjárlaga þá væri nærtækara að mati Háskóla Íslands að herða á framkvæmd þeirra reglna sem nú þegar eru gildi og að auka fræðslu og upplýsingar fyrir þá sem stjórna ríkisstofnunum.

Virðingarfyllt  
f.h. Háskóla Íslands



Guðmundur Rasmussen  
Sviðsstjóri starfsmannasviðs

HÁSKÓLI ÍSLANDS  
STARFSMANNASVIÐ